

Ed. **443. Frumvarp til laga** [181. mál]
um almennan frídag 1. maí.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.
Almennur frídagur skal vera 1. maí ár hvert.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tilefni af 50 ára afmæli Alþýðusambands Íslands ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir setningu laga um að gera 1. maí að almennum frídegi og er frumvarp þetta flutt samkvæmt þeirri ákvörðun.